

**Mál nr. 377/2022****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.****Nafn váttryggingartaka (X)****Slyshugtak váttryggingaréttar. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 14. nóvember 2022 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 28. nóvember 2022.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína hinn 18. maí 2021 en atvik hafi verið þau að hann var að rúlla þungri heyrúllu af kerru þegar rúllan valt til baka að honum með þeim afleiðingum að hann sleit hásin við tilraun til að taka á móti henni. Á grundvelli þessa krafðist M bóta úr slysáttryggingu launþega hjá V, en V hafnaði kröfu hans með bréfi dags. 15. nóvember 2021, með þeim rökum að ekki væri sýnt fram á að tjón M yrði rakið til slyss í skilningi viðeigandi váttryggingarskilmála. M er ósammála þeirri afstöðu og telur ljóst að það að rúllan hafi rúllað til baka að honum feli í sér skyndilegan utanaðkomandi atburð sem uppfylli því skilyrði slyshugtaksins. Þá beri áverkar hans með sér að um töluvert högg hafi verið að ræða. M hafi þá aldrei fengið sambærilega áverka áður.

Í bréfi V kemur fram að í tjónstilkynningu, dags. 26. júlí 2021, hafi M lýst atvikinu svo: „Var að taka rúllu af kerru til að gefa hrossum og við það slitnaði hásin.“ Í skilmálum váttryggingarinnar sé slys skilgreint sem skyndilegur utanaðkomandi atburður sem valdi meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans. Fyrrgreind atvikalýsing bendi þá ekki til þess að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða en af dómaframkvæmd sé ljóst að meiðsli sem orsakast af því að lyfta þungum hlut teljist ekki slys í skilningi váttryggingaréttar. Miða verði við þá lýsingu sem fram komi í frumgögnum, þ.e. tjónstilkynningu, en ekki síðar til komna atvikalýsingu í málskoti sem hafi ekki verið sett fram fyrir en eftir að höfnun félagsins lá fyrir. Séu þá ekki fyrirliggjandi önnur gögn, s.s. lýsingar vitna eða læknisfræðileg gögn, sem staðfesti hina síðar til komnu atvikalýsingu. Samkvæmt framansögðu séu skilyrði slyshugtaksins ekki uppfyllt.

**Álit.**

Aðila greinir á um hvort umrætt atvik falli undir slyshugtak váttryggingaréttar, þ.e. hvort um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð. Telja verður að upphafleg lýsing M á atvikum í tjónstilkynningu uppfylli ekki þau skilyrði. Þó er ekki loku fyrir það skotið að nákvæmari og ítarlegri lýsingar geti komið fram síðar og verður kröfu M því ekki hafnað þegar af þeirri ástæðu heldur kemur til skoðunar hvort önnur gögn málsins styðji við atvikalýsingu eins og hún kemur fram í málskoti. Engin vitni virðast hafa orðið að atvikinu. Þá eru læknisfræðileg gögn af skornum skammti, en t.a.m. liggja ekki fyrir upplýsingar úr sjúkraskrá M, þ.á.m. um komu til læknis eða rannsóknir í kjölfar umrædds atviks. Í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 3. júní 2021, kemur fram að M sé óvinnufær með öllu tímabilið 18. maí 2021 til 30. júlí 2021 vegna sjúkdóms. Í fyrirliggjandi sjúkradagpeningavottorði dags. 22. september 2021 segir þá að M sé óvinnufær tímabilið 16. júní 2021 til 3. janúar 2022 vegna aðgerðar vegna eldra hásinarslits. Kemur þannig ekkert fram í fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum um tildrög þess að M sleit hásin, með hvaða hætti og hvenær það gerðist. Verður því ekki talið nægilega sýnt fram á að áverkar M verði raktir til slyss í skilningi skilmálanna og verður hann að bera hallann af því.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr slysáttryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 7. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir